

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1330  
komudagur 19. 3. 2009



NORÐURORKA HF

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Umsögn um tillögu tii þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftlagsmálum

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um tillögu þessa.

Norðurorka hf. gerir umsögn Samorku og Samtaka Atvinnulífsins um málið að sinni.

Meðfylgjandi er umsögnin.

Virðingarfyllst  
Akureyri 18. mars 2009.

F.h. Norðurorku hf.

  
Franz Arnason forstjóri



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 13 – 15

150 Reykjavík

17. mars 2009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 370. mál.**

Samtök atvinnulífsins telja tillöguna tímabæra og mikilvæga og styðja eindregið að hún verði samþykkt sem ályktun Alþingis.

Eins og rakið er í greinargerð með tillögunni er stefnt að því að ljúka gerð nýs samkomulags um loftslagsmál á þessu ári, sem taka á við þegar tímabili Kyoto – bókunarinnar lýkur árið 2012. Eins og kunnugt er þá felst í henni sú skuldbinding af Íslands hálfu að almennt útstreymi gróðurhúsalofttegunda aukist um að hámarki 10% frá 1990 til meðaltals áráanna 2008 -12. Útstreymið 1990 var um 3,4 milljón tonn og má því mest verða að meðaltali um 3,7 milljónir tonna á skuldbindingartímabilinu. Að auki hefur Ísland á þessu tímabili aðgang að heimildum samkvæmt íslenska ákvæðinu svonefnda sem teljast þó ekki til útstreymis Íslands. Þessar heimildir eru allt að 1,6 milljón tonna á ári að meðaltali. Sá galli er á gjöf Njarðar að íslenska ákvæðið gildir aðeins þetta eina tímabil og fellur niður verði ekki samið um tilvist þess eftir 2012. Verði það raunin hefur Ísland aðeins heimildir sem svara 3,7 milljón tonnum en útstreymið væntanlega orðið nálægt 5,3 milljónum tonna árið 2013. Því er alger nauðsyn að útstreymisheimildir Íslands samkvæmt nýju samkomulagi endurspegli raunverulegt útstreymi að meðtöldum heimildum samkvæmt íslenska ákvæðinu. Náist það ekki er vandséð hvernig Ísland geti átt aðild að nýju loftslagssamkomulagi. Í raun væri þá búið að afsala nýtingu orkulindanna í hendur loftslagssamningsins og þau fyrirtæki sem hyggjast nýta orkuna yrðu væntanlega að finna útstreymisheimildir erlendis frá. Með því yrði samkeppnisstaða orkuvinnslu hér á landi verri en áður og afleiðingin yrði m.a. sú að orkufyrirtækin fengju lægra orkuverð en ella og að samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem hyggjast nýta orkuna versnaði líka. Þetta stríðir svo gegn ákvæðum loftslagssamningsins sjálfs þar sem er að finna skýr ákvæði um að aðildarríkin hafi fulla heimild til að nýta sínar auðlindir enda eru engar kvaðir lagðar t.d. á kola-, olíu- og jarðgasvinnslu í samningnum. Það er engan veginn ásættanlegt fyrir hagsmuni Íslands að nánast verði lagt bann við nýtingu endurnýjanlegra orkulinda þar sem orkan verður ekki flutt út nema í formi afurða en að oliuríkin geti stundað sína orkunýtingu óhindrað.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Full rök eru til þess að íslenska ákvæðið, eða það sem í stað þess kann að koma, verði útvíkkað og heimildir samkvæmt því auknar á því tímabili sem við tekur frá árinu 2013. Þótt orkufrekur iðnaður hér á landi komi til með að falla undir viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir og um leið gildi sömu reglur hér um útstreymi þessara fyrirtækja leysir það ekki stjórnvöld undan því að sjá til þess að hér séu til nægar heimildir til að þessi fyrirtæki geti starfað eðlilega og við sambærileg samkeppnis skilyrði og gilda á evrópska efnahagssvæðinu. Það hlýtur beinlínis að vera frumskylda stjórnvalda að sjá til þess ekki séu lagðar skorður á uppbyggingu atvinnulífs vegna þessa hér á landi sérstaklega þegar haft er í huga að atvinnureksturinn byggir á bestu fánlegu tækni í umhverfismálum og nýtir endurnýjanlegar orkulindir.

Tilskipun ESB nr. 2003/87 um viðskiptakerfi með útstreymisheimildir ásamt tengdum gerðum var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2007 og staðfest á Alþingi þann 6. desember 2007 en í ákvörðuninni var sérstaklega tekið fram að hún skerði ekki sjálfræði samningsaðila hvað varðar milliríkjavíðræður um loftslagsbreytingar og jafnframt að samningsaðilum væri kunnugt um íslenska ákvæðið og að taka yrði tillit til þess. Enginn sérstakur vandi á að felast í því að ekki má selja heimildir samkvæmt íslenska ákvæðinu enda fyrirsjáanlegt að hvorki stjórnvöld eða einstök fyrirtæki verði í stöðu til þess.

Það er því mjög mikilvægt að stjórnvöld gæti hagsmuna Íslands við þá samningsgerð sem nú fer fram bæði til þess að almenn skerðing útstreymisheimilda verði í samræmi við getu hagkerfisins og eins að unnt verði að nýta orkulindir landsins án þess að rekast á útstreymispak sem er í andstöðu bæði við markmið loftslagssamningsins um að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og ákvæði um sjálfsákvörðunarrétt ríkja um auðlindir sínar.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,  
Framkvæmdastjóri SA

Bryndís Skúladóttir  
Forstöðumaður umhverfismála SI

Gústaf Adolf Skúlason  
Framkvæmdastjóri Smorku

Friðrik J. Arngrímsson  
Framkvæmdastjóri LIÚ

Guðbergur Rúnarsson  
Framkvæmdastjóri SF

Guðbergur Rúnarsson  
Framkvæmdastjóri LF

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is